

Skýrsla keppnisráðs AKÍS í rally 2024

Keppnisráðið í rally er þannig skipað:

Aðalsteinn Símonarson – BÍKR, formaður,
Baldur Haraldsson – BS,
Sigurður Arnar Pálsson – AIFS,
Tryggvi M Þórðarson – KK.

Keppnisráðið í rally hefur frá ársþingi AKÍS í mars haldið þrjá bókaða fundi. Hægt er að sjá fundagerðir þeirra á www.akis.is/rally/.

Auk þess var samráð haft um ýmis málefni milli funda, t.d. með símtölum og rafrænum samskiptum.

Keppnistímabilið 2024 í rally gekk í heildina vel.

Dagatalið fyrir Íslandsmótið í sérleiða rally samanstóð af fimm keppnum, sem er sami fjöldi og flest undanfarin ár. Einungis voru þó haldnar fjórar keppnir þar sem fyrstu umferðinni var aflýst vegna eldgoss á Reykjanesi.

Auk þeirra keppna sem fyrr eru taldar hélt KK tvær alþjóðlegar rally keppnir á árinu. Annar vegar var það e-rally í júní og hins vegar Hill rally í ágúst og var góð þátttaka í þeim báðum af innlendum sem erlendum keppendum.

Engin kærúmal komu upp í keppnum ársins en í einhverjum tilfellum kom til kasta dómnefnda varðandi túlkun á reglum eða framkvæmd keppni.

Áberandi var í sem fyrr að keppnishaldarar, þó ekki Bílaklúbbur Skagafjarðar eða KK, voru seinir með undirbúning og ýmsar mikilvægar upplýsingar bárust seint eða alls ekki til keppenda, s.s. leiðarbók. Er þetta umtalsvert áhyggjuefni en skýringin sem keppnishaldarar bera fyrir sig er að undirbúningurinn hvíli á herðum fárra og takmarkað sé hvað þeir fái áorkað.

Ánægjulegt er að sjá að þátttakendum fjölgar annað árið í röð, en þeim hafði fækkað nokkuð hratt samfellt í 5 ár þar á unda. Þannig var meðaltalið 17,6 ökutæki á keppni í ár meðan það var 15,2 að meðaltali 2023.

Talsverð nýliðun heldur áfram að eiga sér stað meðal ökumanna og meðal þeirra var fyrsta kvenn áhöfnin til að taka þátt í nokkur ár. Gerðu þær sér lítið fyrir og tryggðu sér Íslandsmeistaratitil í flokki 1.000 sm³ bíla með drif á einum öxli og mun þetta vera fyrsti Íslandsmeistaratitill kvennáhafnar í rally. Auk þeirra óku all nokkrir ökumenn í sinni fyrstu rally keppni á árinu, sem og aðstoðarökumenn.

Á fundi sínum haustið 2020 ákvað keppnisráðið í rally að leggja til við stjórn AKÍS að viðmiðunardri ökumanna í rally verði breytt þannig að þeir sem náð hafi 15 ára aldri megi aka ökutækjum á sérleiðum. Stjórn AKÍS staðfesti þetta aldursviðmið en enn hefur ekki verið hægt að heimila þeim sem eru 15 ára að aka á sérleiðum þar sem ekki er skýr ákvæði um þetta í reglugerð

Dómsmálaráðuneytisins heldur er lögreglustjóra veitt heimild til undanþágunnar. Talsvert hefur verið unnið í að fá málið tekið upp við yfirvöld án árangurs hingað til. Mjög mikilvægt er að þetta mál verði klárað hið allra fyrsta á hærri stigum, t.d. með viðræðum við Ríkislögreglustjóra eða Dómsmálaráðuneytið, enda eru ungir ökumenn einn af helstu möguleikum við fjölgun keppenda. Nokkur árangur náðist þó í þessum málum á árinu þegar lögreglustjóri gaf heimild fyrir að ökumaður með leyfi til æfingaakstur æki á sérleiðum, þ.e. hann var orðinn 16 ára og með forráðamann sér við hlið.

Óverulegar breytingar verða gerðar á reglum um rally fyrir árið 2025, en þær liggja nú fyrir Regluráði.

Keppnisráðið hefur ákveðið að Íslandsmótið í sérleiða rally 2025 verði mótarið og Íslandsmótið í nákvæmnisakstri verði ein keppni.

F.h. keppnisráðs AKÍS í rally,

Borgarnesi 24. október 2024
Aðalsteinn Símonarson